




LANDABRÉF



Fréttabréf Landfræðifélagsins

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Njálsgötu 73, R.

³ 4. tbl. 1. árg. ^{CLB} ~~árg.~~ 1979.

Fyrirlestrar

Eftir áramót verða 4 fyrirlestrar á vegum félagsins og verða þeir haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 20:30 í stofu 201 í Árnagarði. Fyrsti fyrirlesturinn verður þann 7. janúar. Dagskráin verður sem hér segir:

7. janúar Sigurður G. Þorsteinsson
Svæðaskipting landbúnaðarframleiðslu - hugmynd að lausn á vanda landbúnaðar.
4. febrúar Sigurður Þórarinnsson
Byggð á Norðausturlandi til forna.
3. mars Sigfús Jónsson
Áhrif sjávarútvegs á byggðapróun 1900-1940.
7. apríl Magnús Pétursson
Hugmyndir um skiptingu landsins í stjórnsýslueiningar.

San Francisco, 3. okt. '79

Hr. ritstjóri
Sigfús Jónsson
Njálsgötu 73 R.

Kæri landi.

Ég óska ykkur hjartanlega til hamingju með framtak-
semina.

Heiti ritsins er látlaust og gott. Heiti félagsins er ágætt. Mér hitnar um hjartarætur þegar ég sé það, því að þegar ég hóf kennslu í landfræði við Háskóla Íslands, þá notaði ég þessa orðmynd hvenær sem ég gat komið því við í kennslunni og t.d. í útvarpserindum mínum. Þorsteinn M. sá þó til þess, að lengri orðmyndin var notuð í titli kennslubókar okkar Steindórs frá Hlöðum. Ég kunni, og kann, betur við landfræði en landafræði, vegna þess að orðið er styttra og þægilegra í meðförum, t.d. í samsettum orðum og auk þess bendir orðmyndin landafræði óþægilega mikið til þess að vísindagreinin eigi að snúast eingöngu um ríkis-
heildir en ekki um almenna landfræði. Við þetta bætist svo, að einn ágætur íslenzkuprofessor veittist að mér á kennarastofunni einn góðan veðurdag með miklum þjósti og sagði eitthvað á þessa lund eftir að hafa farið viðeigandi orðum um andlegt heilsufar mitt. "Landfræði? Það er ekkert slíkt orð til á íslenzku". Hann var þarna á sínu sérfræðisviði og lét aldrei hlut sinn, allt til síðustu stundar. Ég svifti ekki seglum en fór mér hægar um notkun orðsins. Nú finnst mér að ég sé ekki aleinn lengur. Hafið þökk fyrir að vera mér samflota.

Ég leyfi mér að sækja um inngöngu í Landfræðifélagið og sendi hér með ávísun fyrir þessa árs gjöldum. Auðvitað greiði ég ekki atkvæði og engin fundarboð þarf að senda mér, en mér þætti gaman að fá fréttabréf Landfræðifélagsins.

Með bestu kveðjum og óskum.

Astvaldur Eydal.

LANDBROT

"Skagfirðingar eru taldir framhleypnir og digurmæltir. Eyfirðingar kyrrlátir og síðugir, en Húnavetningar séu bil beggja eða mitt á milli þeirra. Um Þingeyinga er ekkert sagt, af því að þeir ferðast lítið til annarra héraða, en mest er talað um Skagfirðinga, af því að þeir eru mest á ferðinni til Suður- og Vesturlandsins, því að bæði hafa þeir fleiri hesta en aðrir, og hallærin hafa dunið mest á þeim. Í slíkar ferðir eru einkum sendir þeir menn, sem skjótastir eru í förum. eru það oft ungir menn, andvaralausir og óskammfeilnir, svo að þeir lenda oft í illdeilum við menn þá, er þeir skipta við, og einkum þegar þeir eru ölvaðir, og hrokast þeir upp af þessum löstum. Þetta hefur einkum gefið efni til hins illa orðróms um Skagfirðinga. Því verður ekki neitað, að margir þessara ferðalanga eru hneigðir til drykkjar og lasta þeirra og óreiðu, sem sigla í kjölfar drykkjuskaparins. Eigi verður heldur borið á móti því, að meðal hinna mörgu góðbænda Skagafjarðar eru margir búskussar, sem eru meira hneigðir fyrir að flakka fram og aftur en sitja heima að búum sínum. Þeir halda því reiðhestum sínum stríðöldum, meðan kostur er, en láta kýrnar horast niður. Mest reynir þó þessi búskussaháttur þeirra á konur þeirra og börn."

Ferðabók Eggerts og Bjarna 2. bindi bls. 45.

RITASKRÁ MARKÚSAR EINARSSONAR.

- (1965) "Um sólgeislun", VEDRIÐ, 10. árg., 1. hefti, bls. 8-16.
- (1966) "Global radiation in Reykjavík and its relation to some meteorological elements", METEOROLOGISKE ANNALER, vol. 4, nr. 20, 46 bls.
- (1967) "Um gæði tveggja daga veðurspáa", VEDRIÐ, 12. árg., 1. hefti, bls. 23-25.
- (1968a) "Um míkro- og búveðurmælingar að Sóllandi í Fossvogi. 23 bls. Veðurstofa Íslands, (Reykjavík).
- (1968b) "Atlantic storms are not made in Iceland", ATLANTICA AND ICELAND REVIEW, vol. 6, no.4, bls. 34-37.
- (1969a) Global Radiation in Iceland. 31 bls. Veðurstofa Íslands, (Reykjavík).
- (1969b) "Um búveðurfræði" Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands, 66. árg., bls. 7-16, (Akureyri).
- (1969c) "Um hitafar í skjólbelti og frosthættu", Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands, 66. árg., bls. 85-98, (Akureyri).
- (1969d) "Hugleiðingar um veðurspár og spásvæði", VEDRIÐ, 14. árg., 2. hefti, bls. 61-63, (Reykjavík).
- (1969e) Ritstjóri bókarinnar HAFSINN, 552 bls. Almenna Bókafélagið, (Reykjavík).
- (1970a) "Veður og kal", BÚNAÐARBLAÐIÐ FREYR (aukabláð um kal), 66. árg., bls. 203-211.
- (1970b) ásamt Ólafi Guðmundssyni "Raki loftsins og heyverkun", BÚNAÐARBLAÐIÐ FREYR, 66. árg., nr. 13-14, bls. 312-16.

- (1971a) VEÐURFRÆÐI 100 bls. Iðunn, (Reykjavík).
- (1971b) "Úr ýmsum áttum", VEÐRIÐ, 16. árg., 2. hefti, bls. 39-43.
- (1972a) Evaporation and potential evapotranspiration in Iceland. 27 bls. Veðurstofa Íslands, (Reykjavík).
- (1972b) "Potential evapotranspiration and water balance in Iceland", NORDIC HYDROLOGY, vol. 3, pp. 183-98.
- (1972c) Temperature variations in recent years. - Sea ice off the Icelandic coasts in recent years. Smákaflar í ritinu Iceland, a human environment sensitive to climatic changes. A contribution to the United nations conference on the human environment, Stockholm June 1972. Utanríkisráðuneyti Íslands.
- (1972d) "Um sólgeislun og uppgufun á Íslandi", VEÐRIÐ, 17. árg., 1. hefti, bls. 10-21. Sama grein var endurprentuð í búnaðarblaðinu Frey, 69. árg., nr. 7-8, bls. 159-68.
- (1972e) Í ritnefnd bókarinnar Mengun, Rit Landverndar 1, 207 bls., (Reykjavík).
- (1973a) "Weather and climate in Iceland" Í WELCOME TO ICELAND 1973, vol. 12, Anders Nyborg A/S, Rungsted kyst, Danmark.
- (1973b) Hitafar í lofti næst jörðu. Frosthætta. Handbók bænda 1973, (Reykjavík).
- (1973c) "Úr ýmsum áttum", VEÐRIÐ, 18. árg., 2. hefti, bls. 39-40.
- (1974) "The climatic conditions of Iceland", Proceedings of the second international conference on port and ocean engineering under arctic conditions. Reykjavík.
- (1974-75) Ellefu greinar um veður í Morgunblaðinu veturinn 1974-75:
1. Almenn veðurþjónusta, 9. nóv. 1974.
 2. Loftþrýstingur og vindar, 23. nóv. 1974.
 3. Hvernig myndast ský og úrkoma? 7. des. 1974.

4. Áhrif mannsins á veðurfar (fyrrri hluti), 22. des. 1974.
 5. Áhrif mannsins á veðurfar (seinni hluti), 4. jan. 1975.
 6. Veðurfar árið 1974, 18. jan. 1975.
 7. Örskoma á Íslandi, 1. febr. 1975.
 8. Veðurathuganir á Íslandi, 8. febr. 1975.
 9. Loftslag fyrri tíma á Íslandi, 1. mars 1975.
 10. Um vindhraða og veðurhæð, 15. mars 1975.
 11. Hitafar í lofti næst jörðu-frosthætta, 22. mars 1975.
- (1975) "Um vindhraða og veðurhæð", BÚNAÐARBLAÐIÐ FREYR, 71. árg., nr. 1, bls. 11-14.
- (1976a) VEÐURFAR Á ÍSLANDI, 150 bls., Iðunn, (Reykjavík).
- (1976b) Ritstjóri skýrslunnar: Skipulag fjarkönnunnar á Íslandi, 89 bls., Rannsóknarráð ríkisins, (Reykjavík).
- (1978) Könnun á skiptingu Íslands í veðurspásvæði, 49. bls Veðurstofa Íslands, (Reykjavík).
- (1979a) "Climatic conditions of the lake Mývatn area", ØIKOS, vol. 32, bls. 29-37.
- (1979b) Flosi H. Sigurðsson og Markús Á. Einarsson Greinargerð um veðurfar vegna skipulags Áslands og Setbergslands í Hafnarfirði. Veðurstofa Íslands, (Reykjavík).
- Í prentun. "The Climate of Iceland" í World Survey of Climatology útg. Elsevier Publishing Company.

STAÐAN Í GRUNNSKÓLAMÁLINU.

Forsaga málsins hefur verið rakin í fyrri Landabréfum. Grunnskólanefnd félagsins komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt námsskrá í samfélagsfræði ætti landafræði að mestu að hverfa úr 7., 8., og 9. bekk grunnskólanna. Álitsgerð nefndarinnar var send inn á fund hjá starfshópi í samfélagsfræði sem starfar á vegum ráðuneytisins og var þar harðlega gagnrýnd.

Vegna þessarar stöðu sem komin var upp í málinu var ákveðið að boða til almenns félagsfundar til að kynna hin andstæðu sjónarmið. Fundurinn var haldinn 25. ágúst og voru fundarmenn 25. Framsögu höfðu Ragnar S. Þorsteinsson af hálfu grunnskólanefndar og Aðalsteinn Eiríksson af hálfu starfshópsins. Ragnar kynnti álit nefndarinnar og taldi að kenna ætti landafræðina sem sérstaka námsgrein vegna sérstöðu hennar, og ráða ætti landfræðimenntaðan námsstjóra. Aðalsteinn kynnti námsskrá í samfélagsfræði og fjallaði síðan ítarlega um landafræðinámsseininguna fyrir 7. bekk, en hann vinnur að samningu hennar. Aðalsteinn bar mikið lof á starf starfshópsins og taldi fráleitt að hlutur landafræðinnar væri þar fyrir bord borinn.

Loftur Guttormsson taldi það ekki ljóst í áliti grunnskólanefndar hvort hún vildi samþættingu eða fagskiptingu og taldi allan rökstuðning nefndarinnar ósannfærandi.

Ólafur H. Óskarsson vitnaði í erindisbréf fyrir landafræðinefnd frá 1974 og sagði að þar kæmi skýrt fram sú stefna stjórnvalda að kljúfa ætti landafræðina og skipta brotunum á milli annarra námsgreina. Þetta jafngilti því að leggja landafræðina niður sem námsgrein. Hann taldi annmarka á því að hægt yrði að fá sérhæfða kennara til að kenna hrærigrautinn samfélagsfræði.

Eggert Lárusson sagðist vera meðmæltur samvinnu milli námsgreina. Hann taldi að í þeirri námsskrá sem nú lægi fyrir þjónaði landafræðin sem hækja undir sagnfræðina. Síðan las hann upp kafla úr bresku námsskránni um landafræði þar sem fjallað er um innihald og takmark landafræðikennslu. Hann taldi þetta geta verið góða fyrirmynd fyrir

okkur og benti á að samfélagsfræði hefði aldrei komist á í Bretlandi.

Ingvar Sigurgeirsson námsstjóri sagði að nú væri biðstaða í málefnum landafræðinnar meðan beðið væri eftir áliti ýmissa aðila um niðurstöður landafræðinefndar frá 1974. Hann æskti samvinnu við Landfræðifélagið og hét því að félagið fengi að fylgjast með málum tengdum greininni svo sem samningu námsefnis.

Sigfús Jónsson gagnrýndi núgildandi námsefni í landafræði og taldi það gamaldags staðreyndarullu. Nefndi hann dæmi um nokkur verkefni sem gætu komið í stað þess, svo sem verkefni um fiskimið, fiskiþorp, fólksflutninga, landbúnað o.fl. Hann dró í efa að landafræðin ætti samleið með öðrum samfélagsgreinum í 7., 8., og 9. bekk, en e.t.v. hjá yngri nemendum.

Loftur taldi gagnrýni Sigfúsar og Eggerts ómaklega því þeir hefðu eingöngu fjallað um efri bekkina og slitið nám þar úr samhengi við það sem á undan væri komið. Hann sagði að vegna þess hversu sagan væri abstrakt fag missti sögukennsla að mestu marks fyrir en í 9. bekk. Hann heimtaði sálfræðileg og kennslufræðileg rök fyrir fagskiptingu.

Haraldur Finnsson taldi að öll atriðin í kaflanum úr bresku námsskránni sem Eggert las upp væru inni í áætlun samfélagsfræðinnar og lofaði starf starfshópsins.

Næsta skrefið í málinu mun vera að halda fund á vegum skólarannsóknadeildar með þeim sem sent hafa inn álit á niðurstöðum landafræðinefndar frá 1974.

Félagsmenn eru hvattir til að koma af stað umræðu um grunnskólamálið í Landabréfinu.

Eggert Lárusson.

B.S.C. RITGERDIR Í LANDAFRÆÐI Í ÁRSLOK 1978 OG 1979.

Baldur Snær Ólafsson, 1979.

Refir og refarækt á Íslandi 33 bls.

Brynjólfur Sveinsson, okt. 1979.

Vegakerfi Eyjafjarðabyggða 60 bls.

Emil Bóasson, maí 1979.

Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð 1978 50 bls.

Guðmundur G. Kristjánsson, júní 1979.

Fólksflutningar á Suðurlandi og Norðurlandi vestra
60 bls.

Guðrún Einarsdóttir, júní 1979.

Örnefni á Seltjarnarnesi 76 bls.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir, febr. 1979.

Flugsamgöngur um Akureyri 59 bls.

Gunnhildur Skaftadóttir, okt. 1979.

Dreifing þjónustufyrirtækja í Keflavík 52 bls.

Jónas Helgason, okt. 1978.

Landvernd í Flóa. Hluti skipulagssvæðis í Flóa 53 bls.

Þorbjörg Kjartansdóttir, júní 1979.

Iðnaður í Kópavogi 42 bls.

Þorvaldur Þragason, maí 1979.

Sala dagblaða á Íslandi 65 bls.

Þuríður Astvaldsdóttir, 1979.

Verslun og þjónusta við Eyjafjörð 1969 - 1978 45 bls.

Þuríður Yngvadóttir, des. 1978.

Mosfellssveit: landbúnaður og áhrif borgarbyggðar á
búskap og búsetu 33 bls.

UM LANDAFRÆÐIKENNSLU Í GRUNNSKÓLUM.

Hér á eftir fara nokkrir minnisþingar úr greininni "Curriculum Theory and Geography Teaching Years 7-10" eftir David L. Smith, sem birtist í Geography Bulletin í júní árið 1976.

Við samningu námsskrár í landafræði fyrir grunnskóla telur höfundur greinarinnar það grundvallaratriði að spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða landfræðileg vitneskja er þess virði að hún sé kennd á skólastiginu.
2. Hvaða hæfnisatriði (skills) á að leggja áherslu á og hvaða upplýsingar.
3. Hvaða landfræðileg svið, viðfangsefni og spurningar á að leggja áherslu á í námsskránni.
4. Í hvaða röð á að raða þessum viðfangsefnum.
5. Hvaða reynslu (experience) munu nemendurnir fá út úr námsefninu.
6. Hvaða gögn og lesefni er nauðsynlegt að nemendur hafi handbært.
7. Hvernig verður þessum reynsluviðfangsefnum raðað í tímaröð.
8. Hvernig verður árangur nemenda og gæði námsefnis metið.

Þetta eru allt spurningar sem námsskrárgerðarmenn verða að velta fyrir sér að kostgæfni og taka ákvarðanir um hverja spurningu.

Seinna í greininni setur Smith fram 11 leiðsöguatriði (guidelines) varðandi námsskrárgerð í landafræði fyrir yngri bekkji grunnskólans:

1. Nemandinn ákveður hvað er lært, hvernig og hvenær.
2. Fyrir yngri bekkina verður lögð áhersla á samskipti manns og lands og svæðakönnun, en í eldri bekkjum meiri áhersla á vistfræði, landfræðilega dreifingu og umhverfisskyngjun.
3. Námsskráin á að gera ráð fyrir að öll stig námstækni verði notuð.

4. Mikla áherslu ætti að leggja á sjálfsnám og umræður á milli nemenda t.d. í hópvinnu.
5. Talið er mjög æskilegt að nemendur geti kannað og tekið þátt í atburðum utan skólalóðarinnar.
6. Leggja ber áherslu á að nemendurnir "setji á svið" sem nákvæmasta eftirlíkingu á umhverfi og athöfnum á ákveðnum stöðum í heiminum.
7. Hugtök, hugmyndir og alhæfingar skulu vera í sífelldri endurskoðun.
8. Skólahverfið á að nota sem landfræðilega rannsóknarstofu, en síðan má yfirfæra niðurstöðurnar á önnur svæði.
9. Leggja ber meiri áherslu að kanna hlutina til hlítar í eldri bekkjunum, en skapa heildaryfirsýn hjá yngri börnum.
10. Leitast skal við að öðlast nokkra yfirsýn yfir aðra heimshluta, en ekki bara heimahaga og föðurlandið.
11. Aðaláherslan er lögð á það, að nemendur vinni sem leitendur eða rannsóknarmenn, afmarki rannsóknar efnið, safni viðeigandi upplýsingum og svari síðan spurningum rannsóknarinnar.

Eftir lestur á nokkrum tímaritsgreinum um landafræðikennslu í grunnskólum komst ég að eftirfarandi niðurstöðu um kennsluaðferðir og markmið. Valið stendur á milli þess hvort megináhersla sé lögð á bekkingu, kunnáttu eða einstaklingsþroskan. Verður gerð nánari grein fyrir þessum þremur valmöguleikum hér að neðan:

Að vita: Megináherslan á þekkingu.

Þetta er hin hefðbundna kennsluaðferð í landafræði hér á landi. Börnin læra hvar staðir eru og hvað er mikilvægt við þá. Afleiðingin er þurr utanbókarlærdómur eins og allir þekka.

Að geta: Megináherslan á vinnubrögð.

Þessi kennsluaðferð hefur einkennt landafræðikennslu í nágrannalöndunum síðustu áratugi. Grundvallarhugsunin á bak við þessa aðferð er sú, að undirbúa nemendur til að taka á við þau vandamál er bíða þeirra í þjóðfélaginu er námi lýkur. Mikil áhersla er lögð á að nemendur kunni góð skil

á hefðbundnu rannsóknarferli, gagnasöfnun, úrvinnslu og framsetningu á niðurstöðum. Í landafræði er mikil áhersla lögð á kortavinnu, myndræna framsetningu og tölulega úrvinnslu gagna.

Að vera: Megináherslan á að þroska einstaklinginn.

Þessi kennsluaðferð miðast við að virkja sköpunargleði (frjóa hugsun) nemendanna og sjálfsöryggi. Litið er á hana sem framtíðarmarkmið í landafræðikennslu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að rannsaka og kanna, og einnig á landfræðilega hópleiki og eftirlíkingar ferla í umhverfinu (simulation).

Bjarni Reynarsson.